

Fundur stjórnar Retrieverdeildar, haldinn 08.05.14

Mættir : Heiðar J. Sveinsson, Arnar Tryggvason, Þórhallur Atlason, Þórgunnur Eyfjörð Pétursdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir.

1. Dagskrá sumarsins
Einn dómari forfallaðist í sumar, búið er að fá annan dómara til að taka það próf sem hann átti og eins fulltrúa í þeim prófum sem var áætlað að hann yrði á. Ný dagskrá send til HRFÍ og sett á heimasíðu deildarinnar.
2. Staða undirbúnings deildarsýningar
Sýninganefnd hefur komið saman og er allt á fullu í undirbúningi. Áætlað er að opna fyrir skráningu 10. júní og sett verður inn auglýsing fljótlega.
3. Skipting verkefna
Stjórn skipti með sér verkefnum enn frekar.
4. Pörunarbeiðni afgreidd
Ein pörunarbeiðni lá fyrir fundinum, hún var afgreidd.
5. Flýtihnappur fyrir leiðbeiningar um kröfur fyrir undaneldisdýr
Töluvert er um fyrirspurnir frá þeim sem hyggjast para hundana sína um þær kröfur sem hundar þurfa að uppfylla fyrir pörun. Stjórn ætlar að skrifa einfaldar leiðbeiningar og setja á forsíðu deildarsíðunnar til að auðvelda fólki leitina.
6. Móta reglur vegna greiðslna til dómara
Þurfum að móta reglur og ferla í tengslum við greiðslur aksturpeninga til dómara. Stjórn sest niður eftir sumarið og mótar það, í sumar verður þetta eins og verið hefur undanfarin ár.
7. Vefsíða deildarinnar
Reynt að uppfæra fréttir reglulega, þyrftum að hvetja fólk til að skrá sig á póstlistann svo það fái fréttir af því sem er á döfinni hjá deildinni.
8. Veiðiprófin á Snæfellsnesi og Suðvesturlandi
Prófstjórar þurfa að fara á svæðin og skoða mtt uppsetningu prófa
9. Önnur mál
Vinna hefur verið í gangi við fá farandbikara fyrir sýningar, 3 ræktendur hafa lýst sig reiðubúna til að gefa bikara. Setja þarf sýninganefnd inn í málið.

Fleira ekki gert, fundargerð ritaði GG.